



Reykjavík, 4. febrúar 2016

## Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðskilnaði starfssviða hjá Íslandsbanka hf. í lok árs 2014. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort aðskilnaður starfssviða hjá bankanum væri í samræmi við kröfur 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og 4. þáttar reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sem Fjármálaeftirlitið hefur útfært nánar í leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða. Athuginin beindist að aðskilnaði starfssviða í húsnæði bankans, aðskilnaði í stjórnun og aðskilnaði gagna. Að auki voru reglur, stefnur og önnur skjöl bankans þessu tengd skoðuð. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í febrúar 2016.

Fjármálaeftirlitið gerði eftirfarandi athugasemdir varðandi aðskilnað starfssviða:

- að framkvæmdastjóri Markaða hefði of víðtækar heimildir til aðgangs að rafrænum gögnum á sameiginlegum tölvudrifum þeirra starfssviða sem heyra undir Markaði og skulu vera aðskilin. Til að tryggja aðskilnað starfssviðanna taldi Fjármálaeftirlitið að framkvæmdastjóri ætti eingöngu koma að stærri ákvörðunum og fá upplýsingar um starfsemi starfssviðanna frá forstöðumönnum eða starfsmönnum viðkomandi starfssviða nema aflað væri heimildar hjá regluvörslu fyrir frekari aðgangi,
- að læsingarbúnaður inn í rými sem á að vera aðskilið var í ólagi við vettvangsathugun,
- að glerveggir sem aðskilja eiga starfssvið, sem skulu vera aðskilin vegna hættu á hagsmunaárekstum, væru ekki huldir á fullnægjandi hátt,
- að framkvæmdastjóri Markaða gegndi einnig stöðu forstöðumanns veltubókar,
- að starfsstöðvar framkvæmdastjóra Markaða og aðstoðarmanna hans sem vinna þvert á öll starfssvið sem heyra undir Markaði, væru staðsettar inni á þeim starfssviðum sem ættu að vera aðskilin. Fjármálaeftirlitið taldi að umræddir starfsmenn ættu að vera með starfsstöð utan starfssviðanna,
- að starfsmenn Markaða sem heyra beint undir framkvæmdastjóra og vinna þvert á öll starfssvið undir fjárfestingabankasviðinu hefðu óheftan aðgang að vinnurýmum tiltekinnar starfssviða er heyra undir tilmælin og
- að framkvæmdastjóri markaða hefði setið í fjárfestingaráði sem tekur ákvarðanir um eigin fjárfestingar bankans.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Íslandsbanki hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi framkvæmdi úttekt á úrbótunum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð í síðasta lagi 17. mars 2016.